

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 2 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 1. ágúst 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Gjáhella 2 og 4 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóðir 2, 4 og 6 við Gjáhelli og Breiðhelli 7 eru sameinaðar. Stærð lóðar verður 24.093 m² og er gert ráð fyrir 2 byggingareitum, á byggingareit B1 er gert ráð fyrir að hámarkshæð byggingar verði 13,5 m og á byggingareit B2 8,5 m. Aðkoma frá Breiðhelli fellur út en við bætist aðkoma að lóðum frá Gjáhelli. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,5. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. ágúst 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 5. september 2007